

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2016
Tilvísun ÞÍ: 2016043153/5.13.0

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna, 449. mál.

Vísað er til tillögu til þingsályktunar, sbr. þingskjal 449. mál, sem birt er á vefsíðu Alþingis. Þar er lagt til að innanríkisráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra hefji undirbúning að stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna á Íslandi með það að markmiði að koma hagsmunagæslu og réttaraðstoð við útlendinga á eina hendi í þeim tilgangi að skilið sé á milli úrskurðar- og rannsóknarhlutverks sem Útlendingastofnun hefur með höndum annars vegar og hagsmuna- og réttargæslu hins vegar.

Þjóðskrá Íslands gerir ekki athugasemdir við stofnun slíks embættis og telur það af hinu góða að huga eigi betur að málefnum flóttamanna. Stofnunin vill þó benda á að gætt sé að því að skilgreina á greinargóðan hátt hlutverk þessa embættis þannig að ekki sé aukið á flækjustig í málefnum umrædds hóps.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Björg Finnbogadóttir
Lögfræðingur